



BÓKAÚTGÁFAN CODEX

## REGLUR

um Hvatningarverðlaun Bókaútgáfunnar Codex

### 1. gr.

Verðlaunin heita „Hvatningarverðlaun Bókaútgáfunnar Codex“.

### 2. gr.

Bókaútgáfan Codex veitir verðlaunin árlega, annars vegar þeim nemanda við lagadeild Háskóla Íslands sem hlýtur hæstu meðaleinkunn í öllum námskeiðum lagadeildar Háskóla Íslands á fyrsta námsári og hins vegar þeim nemanda við lagadeild Háskólans í Reykjavík sem hlýtur hæstu meðaleinkunn í öllum námskeiðum lagadeildar Háskólans í Reykjavík á fyrsta námsári. Verðlaunin eru því veitt árlega einum nemanda við hvora lagadeild.

### 3. gr.

Útreikningur hæstu meðaleinkunnar fer fram að kennsluári loknu í samvinnu við lagadeild Háskóla Íslands annars vegar og lagadeild Háskólans í Reykjavík hins vegar. Við útreikning hæstu meðaleinkunnar skal einungis tekið mið af einkunnum þeirra nemenda sem þreyta öll próf fyrsta námsárs innan hefðbundinna próftímabíla á haustönn og vorönn á undangengnu kennsluári og standast öll prófin í fyrstu tilraun. Þeir nemendur koma því ekki til greina sem verðlaunahafar sem þreyta endurtektarpróf innan kennsluársins, hvort sem er vegna veikinda eða falls.

### 4. gr.

Hafi tveir nemendur eða fleiri hlotið sömu hæstu meðaleinkunn skal sá nemandi, sem hlýtur hæsta meðaleinkunn í eftirfarandi námskeiðum hvorrar lagadeildar, hljóta verðlaunin:

1. Lagadeild Háskóla Íslands.
  - a. Almennri lögfræði, stjórnskipunarrétti og sífja- og erfðarétti.
2. Lagadeild Háskólans í Reykjavík.
  - a. Aðferðafræði, stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti.

Hafi tveir eða fleiri nemendur hlotið sömu meðaleinkunn í ofangreindum námskeiðum skal sá nemandi, sem hlotið hefur hæstu einkunn í Almennri lögfræði (HÍ) / Aðferðafræði (HR), hljóta verðlaunin. Hafi tveir eða fleiri nemendur hlotið sömu einkunn í síðastgreindum námskeiðum skal sá nemandi, sem hlotið hefur hæstu einkunn í Stjórnskipunarrétti, hljóta verðlaunin. Hafi tveir eða fleiri nemendur hlotið sömu einkunn í síðastgreindum námskeiðum skal sá nemandi, sem hlotið hefur hæstu einkunn í Sífja- og erfðarétti (HÍ) / Stjórnsýslurétti (HR), hljóta verðlaunin. Hafi tveir nemendur hlotið sömu einkunn í síðastgreindum námskeiðum skal hlutkesti ráða því hvor nemandinn hlýtur verðlaunin, en hafi fleiri en tveir



## BÓKAÚTGÁFAN CODEX

nemendur hlotið sömu einkunnina skal stjórn bókaútgáfunnar draga út einn verðlaunahafa úr hópnum.

### 5. gr.

Verðlaunin samanstanda af eftirfarandi:

1. Hvor nemandi fær viðurkenningarskjal til staðfestingar á handhöfn verðlaunanna.
2. Hvor nemandi fær nafn sitt grafið á viðurkenningarskjöld, sem staðsettur er á áberandi stað í húsakynnum sinnar lagadeildar og ber heitið „Hvatningarverðlaun Bókaútgáfunnar Codex“.
3. Hvor nemandi fær öll þau rit, sem gefin hafa verið út af hálfu bókaútgáfunnar og lögð eru til grundvallar í kennslu á öðru og þriðja námsári sinnar lagadeildar, auk þriggja annarra rita sem valin eru af stjórn bókaútgáfunnar.

### 6. gr.

Hvorum nemanda er gerð grein fyrir handhöfn verðlaunanna í upphafi júnímánaðar og eru verðlaunin veitt hvorum nemanda af hálfu fulltrúa stjórnar bókaútgáfunnar við hátíðlega athöfn fyrir upphaf haustannar næsta kennsluárs.

*Þannig samþykkt af hálfu stjórnar Bókaútgáfunnar Codex 27. ágúst 2010*